

C

Q

T

F

4. tbl.
19. árg.
september
2001



Á aðalfundi ÍRA í maí á þessu ári sæmdi formaður félagsins þá Axel Sölvason, TF3AX, og Hauk Konráðsson, TF3HKT, silfurmerki ÍRA fyrir mikil og óeigingjörn störf í þágu félagsins. Myndina tók TF5BW

Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda.....	4
Vitahelgin 2001	5
QRPTTF	6
Félagatal ÍRA 2001	7
Tölvur og fjarskipti.....	10
Nokkrir punktar um PSK31 fjarskipti.....	12
IARU Region 2 HF Bandplan	13
SAC 1999.....	14
Úr ýmsum áttum.....	15
Vitahelgin 2001 myndir	16

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Studla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tækniviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Studla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2001-2002 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur ÍSigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróðheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólf ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Loksins, loksins, loksins er endurvarpinn okkar á Vaðlaheiði, TF5RPD eða Tóti eins og hann er oft kallaður, komin í viðunandi horf. Laugardaginn 7. júlí renndum við Jón Berg, TF5DZ, uppá heiði og skiptum um bandpass síu á endurvarpanum. Síuna hafði Þór TF3GW sent mér nokkru áður. Þessi sía er mun tap minni en sían sem við erum búnir að hafa að láni frá Stefáni, TF3S, síðan endurvarpinn var settur upp 1998.

Helgina á eftir eða laugardaginn 14. júlí renndum við Jón austur eftir til að athuga skilyrðin á endurvarpanum eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á honum bæði í fyrra og á þessu ári. Skemmst er frá því að segja að breytingarnar hafa borið þann árangur að segja má að nú sé hægt að ná inná endurvarpanum á þeim svæðum sem radióvitinn, sem settur var upp áður en endurvarpinn var settur upp, heyrðist á. Leiðin sem við fórum var frá Akureyri austur í Mývatnssveit og þaðan austur að afleggjaranum til Vopnafjarðar til baka á Mývatn og þaðan um Kísilveg til Húsavíkur og um Kinn til Akureyrar aftur. Undirritaður hefur farið þennan hring nokkrum sinnum áður í sömu erindagjörðum og má segja að ég sé farin að þekkja nokkuð bæði góðu og slæmu svæðin á þessari leið. Breytingin er umtalsverð og ýmsir staðir sem ekki náðist frá áður eru nú komnir inn og þau svæði sem voru í lélegri kantinum áður eru nú orðin miklu betri. Meira að segja er hægt, frá þrem fjórum stöðum í Mývatnssveit að ná með handstöð með gúmíloftneti og innan við einu vatti. Það áhugaverðasta við þetta er að nú næst endurvarpinn frá nyrðri hluta Húsavíkur, sem ekki var hægt áður, en þar hafði heyrst í radióvitnum á sínum tíma.

Það eina sem í raun má segja að sé eftir að gera við endurvarpanum er að skipta um lofnetskapal frá loftneti niður á jörð en það verður gert annað hvort nú í sumar eða næsta sumar. Eftir að það hefur verið gert er ágætt að sjá til í svona eitt ár eða svo hvort einhverjar truflanir komi inn á hann og ef allt reynist í lagi þá er hægt að fara að hugsa um formagnara á móttöku og jafn vel að auka sendiaflið í 50-100 vött.

Tækjabúnaður sem notaður var við þessar prófanir voru Yaesu VX5R handstöð og Yaesu FT90 50 vatta bílstöð. Bílloftnetið var 5/8 bílloftnet sem er á vinstra frambretti á Ford Mondeo station. Ekki er hægt að segja að það sé besta staðsetning á loftneti en dugar samt.

Mér finnst ekki hægt að gera þær kröfur til fjallaendurvarpa, sem þessi er, að hægt sé að neinu gagni að ná inn á hann með minni búnaði en 25 vöttum og þökkalega góðu bílloftneti, þ.e.a.s. úr einhverri fjarlægð. Að ætlast til að hægt sé að ná inn á svona endurvarpa með 5 vatta handstöð, jafnvel þó notað sé bílloftnet, á mestum hluta af hans útbreyðslusvæði finnst mér óraunhæft.

Ýmislegt hefur þurft að gera til að koma endurvarpanum í þetta horf. Sett var á hann bandpass síu, sem fengin var að láni, á staðinn komu þeir TF3LJ og TF3GW með tilheyrandi mæli og stillitæki og stilltu móttöku og fleira, sem ekki hafði verið gert áður en hann var settur upp, skipt var um loftnet og lofnetskapal og nú að síðustu sett ný og tapminni bandpass síu.

Ég held að við ættum að taka uppsetninguna á þessum endurvarpa sem dæmi um hvernig ekki á að standa að slíku og nota þetta til lærdóms í framtíðinni um hvernig á að gera þessa hluti.

73 de TF5BW

CQ TF september 2001

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar

Núna í ágúst varð félagið 55 ára og þrátt fyrir hrakspár nú á síðustu tímum um að amatörradíó væri á niðurleið hef ég það á tilfinningunni að það sé ekki rétt og tek ég þar til marks þann fjölda amatöra

sem síðastliðinn vetur lögðu það á sig að taka morse prófið og fá þar með full réttindi.

Nú nýlega var tilskilin hraði til prófsins færður talsvert niður og ætti að vera auðveldara að ná þessum áfanga. Að læra og taka morsepróf er ekki auðvelt en svona er það bara. Þetta er sá hraði sem er í gildi í allflestum nágrannalöndum okkar.

Þrátt fyrir þessa “nýliðun” getum við ekki slakað á og dettur mér þá í hug að í fyrravetur átti ég þess kost að fylgjast með námskeiði sem var á vegum Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og fleiri. fyrir bráðger börn (11 til 13 ára) en þeim var gefin kostur á að taka námskeið í nokkrum raungreinafögum. Til dæmis eðlisfræði þar sem þau fræddust um rafsegulbylgjur. Einnig gafst þeim kostur á að smíða einfalt viðtæki og var sérstaklega gaman að fylgjast með þeim þar.

Gæti þetta ekki verið vettvangur fyrir okkur? Ég hef talað við nokkra af þeim leiðbeinendum sem voru þarna og þeim fannst það ekki fráleit hugmynd að við gætum tekið þátt í þessu ef framhald verður. (þetta er launað)

Í síðasta tölublaði CQ TF ræddi ég um tölvettingu um raflínur og lýsti miklum áhyggjum radíóamatöra vegna þeirrar hættu á truflunum sem fylgt gætu í kjölfarið. Ég vil taka það fram hér og nú að þessi skrif voru ekki ætluð til þess að efna til neinna illinda við fyrirtækið Lína.Net. en það vill svo bara til að það eru þeir sem standa fyrir þessum tilraunum hér á landi. Fyrirtækið bauð okkur til viðræðna um þessi mál og af hálfu félagsins voru eftirfarandi menn skipaðir í nefnd TF3KB, Kristján Benediktsson formaður hópsins, TF3DX Vilhjálmur Kjartansson, TF3LJ Loftur Jónasson og til vara TF3MA Marteinn Sverrisson. Allt menn sem mikið hafa lagt á sig við að kynna sér og okkur hinum mál er varðar þessar framkvæmdir. Sökum mikilla anna hjá flestum hefur ekki verið um nein formleg fundarhöld en skipst á skoðunum með tölvupósti.

Er það von okkar að skriður fari nú að komast á þessi mál.

Því miður hefur P&f enn ekki séð sér fært að taka upp mál er sérstaklega varðar heildarendurskoðun á reglugerðinni en hinsvegar verið á fullu að veita okkur þær undanþágur frá reglugerðinni sem við höfum óskað eftir.

Enn er allt í óvissu um húsnæðið en fyrir dyrum standa nokkrar viðgerðir og breytingar á fyrstu hæð Þrótttheima og gætum við hugsanlega fengið stærra pláss fyrir okkur (fyrir meiri pening!)

Forstöðukona Þrótttheima var svo vinsamleg að fella niður húsaleigu fyrir sumarmánuðina og munar okkur vissulega um þá upphæð sem þar sparadist.

Með bestu kveðjum og óskir um góðan vetur til fjarskipta.

Haraldur Þórðarson TF3HP

**Íslenskum
Radíóamatörum
fjölgar.**

Til hamingju.

**Sveinbjörn Jónsson TF3VET
og kona hans Marcosa Medico
eignuðust nýjan amatör nýlega**

**Konráð Þórisson TF3KE
og kona hans
Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD
eignuðust einnig
nýjan amatör nýlega**

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Fundur í stjórn ÍRA 3. 7. 2001 að Gunnarsbraut 36 kl. 20:30

Mættir eru TF3HP, TF3GB, TF3AO, TF3VS, TF3VET og TF3VG

1. Nefnd hefur verið skipuð viðræðna við Línu.net, vegna PLC og hafa þeir TF3DX, TF3KB og TF3LJ tekist það á hendur, en til vara er TF3MA.

2. Formaður hefur ritað Línu.neti bréf og óskað eftir fundi með ráðamönnum fyrirtækisins og nefnd ÍRA um PLC. Bréfið var sent fyrri part. júní en ekkert svar hefur enn borist.

3. Ef ekki berst svar innan tíðar frá Línu.neti verði ritara falið að senda Póst og fjarskiptastofnun bréf ásamt öðrum hagsmunaaðilum til að lýsa áhyggjum félagsins af PLC.

4. Tillaga frá IARU um að Pitcairn eyjar verði talið sérsvæði, samþykkt og ritara falið að senda bréf þar að lútandi.

5. Umræður um ferð til Viðeyjar. Samband hefur verið haft við ráðamenn í eyjunni og er fátt um hentugt húsnæði, en það sem í boði væri er dýrt og tekið fram að dagsleiga hlaupi á tugum þúsunda, enda miðað við skemmtanir og veislur. Ákveðið að fresta áformum um Viðeyjarferð og taka þráðinn aftur upp í vor, t.d. í maí.

6. Nýtt tbl. af CQ TF er nú tilbúið og er upplýst að ritari hafi framleitt það í sjálfbodavinnu án nokkurs endurgjalds fyrir félagið, til sparnaðar.

7. Gjaldkeri upplýsir að furðu fáir hafi nýtt sér að setja félagsgjöldin á kortagreiðslur, en hagræðið af því fyrir félagið er mikið.

Fleira var ekki tekið fyrir og lauk fundi kl. 22:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Fundur í stjórn ÍRA 7. 8. 2001 að Gunnarsbraut 36 kl. 20:30

Mættir eru TF3HP, TF3GB, TF3AO, TF3VS og TF3VET.

1. Gjaldkeri upplýsir að hann hafi nú hringt í allmarga þeirra sem skulda mörg árgjöld, en eru enn á félagsskrá. Sumir greiða, aðrir hætta og enn aðrir vilja bíða til hausts. Áfram verður haldið við innheimtu á næstunni.

2. Rætt um hvort rétt sé að loka hluta ÍRA-vefjarins fyrir þeim sem ekki eru í félaginu og þá verði hlutar

hans þannig að notendur verði að skrá sig inn með aðgangsróði. Engar niðurstöður en ákveðið að ræða við vefstjóra á næstunni um málið.

3. Búið er að hafa samband við Siglingastofnun vegna árlegrar ferðar í Knarrarósvita þ. 18-19 og var vísað á vitavörðinn. Vitavörðurinn er okkur vinsamlegur og tekur ÍRA fagnandi.

4. Skömmu eftir síðasta stjórnarfund barst svar frá Línu.neti þar sem tilnefndir voru menn til viðræðna við félagið. PLC-nefndin er tekin til starfa og hefur haft samband við Línu.net, sem ekki ljær máls á fundi á næstunni vegna anna. Tölvupóstsendingar hafa farið fram á milli tengla beggja aðila og er nú beðið eftir tíma til viðræðna.

5. Rætt um væntanlega þátttöku í keppni á næstunni. SARTG er um vitahelgina og verður því ekki þátttaka í henni, næst er svo SAC í sept. og er áhugi á að taka þátt, amk. í SSB hlutanum.

6. Rætt um námskeið í haust til amatörprófs. Rétt þykir að ræða við Radíóskáta um samstarf. Heldur þykir mönnum á fundinum rétt að sett sé upp ýtarlegt námskeið, sem ekki er keyrt áfram af miklum hraða, að þessu sinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og lauk fundi kl. 23:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Gjaldgeri ÍRA

Skorar á alla þá er eiga ógreidd félagsgjöld að gera skil sem fyrst. Verið er að yfirfara félagatalið og taka þá, sem skulda mörg ár út. Minnt er á þann möguleika að láta taka gjaldið af Vísa eða Euro kreditkortum

Vitahelgin 2001

Ársæll Óskarsson TF3AO



Fjórða árið í röð tóku Íslenskir Radió Amatörar þátt í hinni árlegu alþjóðlegu vitahelgi og nú sem endranær frá Knarrarósvita. Búið var við að þátttaka yrði frá öðrum íslenskum vita, þ.e.a.s. Garðskagavita á vegum Radióklúbbs Reykjaness,

en vegna vinnu og anna, var það ekki mögulegt.

Talsverður undirbúningur fer í svona ferð, og voru þeir sem höfðu komið að þessu áður búnir að vera með í kollinum í margar vikur, hvað best væri að hafa með sér af tækjum og búnaði til að skila sem bestu frá sér. Til að herða enn betur á því að ekkert gleymdist og hver tæki hvað með sér var haldinn fundur meðal þeirra sem voru ákveðnir í að fara, 4 dögum áður en farið skyldi. Eftir á að hyggja var þetta nauðsynlegur fundur, þar sem menn skiptust á skoðunum. M.a. það sem kom þarna upp var hvernig staðið skyldi að því að deyfja bergmál í vitanum og var það leyst með að kaupa 40 metra af striga sem síðar var strengdur á milli stigahandriða og var raunin sú að þetta var ómissandi, það var meira að segja hægt að spjalla saman í vitanum án þess að þurfa að hvá oft vegna bergmáls, auk þess sem þetta hjálpaði þeim sem voru við stöðina. Eitthvað vorum við að velta fyrir okkur hvaða borð væri best að nota undir tækin, en úr varð að undirritaður datt niður á að geta keypt gallað plastborð á 500 kall sem síðar kom að góðum notum. Nú og svo var auðvitað farið og fengið lánað hjá félögunum dót sem hugsanlega kæmi að notum. Helst ber þar að nefna álmastur sem við fengum að láni hjá TF3BM, en það er hið handhægasta af allri gerð. Er um að ræða 12 súlur af tveimur sverleikum og er hver þeirra um 90 sm. á lengd. Með þessum súlum, sem eru í hanhægri tösku, fylgja öll stög, hælur, botnstykki og meira að segja slaghamar. Mun þetta hafa verið framleitt fyrir her BNA og er sýnt á teikningu hvernig koma á fyrir loftnetum á toppi mastursins, en þau munu vera á tíðnisviðinu 30-80 Mhz. Hjá TF3KE og TF3VD fengum við svo lánuð höfuðtöl fyrir ICOM 706, sem voru síðar notuð. Kunnum við þessum ágætu félögum okkar bestu þakkir fyrir lánið.

Vitahelgin, fer alltaf fram 3ju helgi í ágúst, og síðastliðin ár höfum við alltaf farið úr bænum undir hádegi á laugardegi, en í þetta skiptið var ákveðið að fara seinnipart föstudags, eftir því sem menn komu við. En fyrstir af stað voru TF3GC og Hugo, og voru þeir komnir að Knarrarósi um kl. 14:30. Um kl. 19:00 vorum við, samferðamaður minn TF3GB og ég mættir austur. Var þá þegar hafist handa við

uppsetningu á “BimManum” eins og við síðar kölluðum mastrið hans Bjarna, 3BM. Uppsetningin var fljótleg og auðveld. Við hengdum trissu í efsta hlutann og drógum síðan þar upp dípól, fyrir 80, 40 og 15 metra bandið. Hinn endi dípólsins var dreginn eins hátt og hægt var að koma honum upp með hlið vitans. Bjarni 3GB, fór þegar í loftið á 40m CW og tók nokkur sambönd, þó að skilyrðin væru ekki sem best. Villi, TF3VS, kom um kl. 21:30, og fljótlega upp úr því fórum við að setja saman R7000 Cushcraft vertikalinn hans og kláruðum við það þó komið væri myrkur, en nutum aðstoðar ljóss frá tjaldlukt til að klára verkið. Var nokkuð verið í loftinu til kl. 01:30, en þá voru menn orðnir þreyttir og gengu til hvílu.

Vorum við komnir á fætur upp úr kl. 07:00 um morguninn, en vorum hálf svekktir yfir því hversu skilyrðin voru léleg, en heldur löguðust þau er komið var fram undir 15:00. Við höfðum sett upp, ICOM 706 MkII stöðina sem ég á, við Yaesu FL2100, magnara og notuðum við Heil höfuðtólin sem áður var minnst á, og var þetta notað fyrir SSB samböndin. Bjarni, GB, kom með Alinco stöðina sína og notaði hann hana fyrir CW sambönd, aðallega á 40 og 15 metrum. Ekki vorum við alveg ánægðir með útkomuna á vertikalnum og útbúinn var dípóll fyrir 20 metrana í snatri, enda allt til alls. Var hann síðan hengdur upp í vitann og notaður sem “slóper” í átt að Evrópu.

Halli, TF3HP, kom snemma á laugardagsmorguninn til okkar, og voru þá allir komnir sem höfðu sagt að þeir yrðu með. Síðar um daginn komu svo nokkrir gestir, en þeir voru TF3BM, TF3RJ, TF3TNT, TF3FK og TF3VG, en sá síðastnefndi gisti yfir nóttina og fór upp úr hádegi daginn eftir. Þegar skilyrðin fóru batnandi þá versnaði veðrið og var orðið það hvasst um kvöldmatarleytið að erfitt reyndist að grilla, en hafðist þó eftir talsverðan barning. Við vorum í loftinu fram undir miðnætti, en þá voru flestir orðnir þreyttir eftir daginn. Heldur var vindasamt um nóttina og varð Villa að orði um morguninn, þegar við vorum komnir á fætur að hann væri undrandi á að tjaldvagninn sem við sváfum í væri á hjólunum, en ekki hinu megin við innkeyrsluna að vitanum. Og ekki var hann síður undrandi á að R7000 netið væri ennþá uppistandandi. Heldur reyndust okkur skilyrðin vera betri en daginn áður og vorum við í loftinu til kl. 15:00. Uppskeran var eitthvað um 650 sambönd, og flest voru þau til Evrópu. Talsverða stund tók að taka allt saman en um kl. 17:00 voru menn komnir í bæinn og ánægðir með uppskeruna þó að skilyrðin hefðu mátt vera betri. Veðrið var heldur leiðinlegt, en eftir á að hyggja hefur alltaf verið annað hvert ár verið gott þarna, og því bíða menn eftir næsta skipti, þ.e.

Framhald á bls. 14

QRPTTF

Niels J. Kristjánsson TF3NK/VE6NJK



Ýmislegt sem Radíó Amatörar taka sér fyrir hendur hefur orðið að árlegum viðburðum. QRPTTF (QRP To The Field) er eitt af þessu og er í líkingu við Field Day sem ARRL hefur staðið fyrir í ártugum saman. Hug-

myndin er sú að setja upp Amatör stöð til bráða-byrgða, loftnet, rafhlöður, tjöld og allt sem til þarf. QRPTTF stendur yfir í 8 klst. og senda menn inn dagbókina með 6 bestu samfellda klukkutíma sem verið var í loftinu. Þetta er ólíkt ARRL Field Day að því leytnu að aðeins er verið í loftinu 8 klst. og DX stöðvar eru með í leiknum. Á hverju ári er nýtt þema t.d. við vatn, á fjalli, við landamæri og/eða fylkja-



mörk. Þetta árið var þemað bíómyndin 2001 Space Odyssey eftir Stanley Kubrick heitinn og mátt gera það sem mönnum datt í hug í anda myndarinnar en helst vera í augnsýn einhverskonar einstrendings (sjá byrjun myndarinnar). QRP grúppan hér í Calgary hefur tekið þátt í QRPTTF flest árin síðan þetta byrjaði og náðum við öðru sæti sem DX stöð árið 2000.

Þetta árið var okkur boðið að setja upp stöð hjá Pat VE6AAN, sem býr úti í sveit langt frá bæjum, háspennulínum og öðrum truflanavöldum. Á þessum QTH er líka ógrynni af trjám til að hengja upp loftnet svo boðið var vel þegið.

Þegar fór að líða að 28 apríl voru menn farnir að heltast úr lestinni af ýmsum orsökum og endaði með því að það voru aðeins orðnir fjórir sem gátu farið. Við ákváðum að láta slag standa og snemma að morgni 28 apríl héldum við af stað með hjólhýsi og allt sem okkur datt í hug að gæti mögulega verið not fyrir. Strax og komið var á staðinn var hafist



handa við að setja upp dípól fyrir 20m og gera klárt fyrir slaginn enda var eftirvæntingin í hámarki. Stuttu seinna var all orðið klárt, menn settu sig í stellingar og kveikt á stöðinni.... suð, suð og aftur suð.... hvað er nú að? Aðeins heyrðist í einni stöð á CW og var hún dauf og þar að auki ekki í keppninni. Loftnets vandamál var sagt einum rómi en ekkert fannst að þrátt fyrir ýtarlega bilanaleit. Pat, VE6AAN skrapp inn til sín til að kanna málin og kom að vörmu spori með þau slæmu tíðindi að það hafði orðið sólgos og botninn dottinn úr öllu saman. Ekkert var hægt við þessu að gera nema fara í mat enda farið að líða að hádegi. VE6AAN XYL hafði greinilega búist við heilli herdeild og eldað samkvæmt því. Þegar við vorum búnir að jafna okkur eftir átið var farið að kalla CQ TTF út í suðið og ekki var laust við örvæntingu og viti menn það var svarað. Það var greinilegt að margir sátu og hlustuðu án þess að kalla. Nokkur sambönd náðust strax og þrátt fyrir djúpt QSB og QRM en þetta varð til að brúnin fór að léttast á mannskapnum. Til þess að laða að sambönd (og vera í anda bíómyndarinnar 2001) notuðum við nafnið HAL, sama nafn og tölvan í bíómyndinni, einn félaginn sem átti að koma seinna heitir Harold. Þar sem Harold lét aldrei sjá sig og við höfðum notað nafnið þó langsótt væri ákváðum við að bjarga okkur fyrir horn og skírðum í snatri heimilisköttinn á staðnum HAL.

Dagurinn leið síðan í blíðskaparveðri en við þurftum að hafa töluvert fyrir hverju sambandi sem náðist. XYL bar í okkur kaffi og með því á heila tímanum og var ekki slegið slöku við. Þegar fór að líða að lokum dagsins höfðu skilyrði batnað töluvert og náðust sambönd við bæði Alaska og Florida. 20m var eina bandið sem við gátum notað, öðru hvoru hlustuðum við á öðrum tíðnum en án árangurs. Að öllu afloknu var tekið saman í snatri og beið okkar kvöldmatur af sömu stærðargráðunni og hádegisverðurinn ásamt QRO dessert með öllu.

Framhald á bls. 14

Félagatal ÍRA 2001



ÍRA

Íslenskir Radióamatörar

Pósthólf 1058

121 Reykjavík

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158

Formaður ÍRA er TF3HP Haraldur Þórðarson

**Félagsheimili ÍRA er í Þróttheimum
að Holtagötu 11 í Reykjavík**

Heiðursfélagar ÍRA eru

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Guðjón Einarsson	TF3AC	Hlíðarhúsum 5	112 Reykjavík	551-8857	
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3S	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551-0907	
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566 7190	andres.h@vista.is
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553 2998	
Ágúst Sverrisson	TF3HW	Melhaga 17	107 Reykjavík	562 6431	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Hléskógum 21	109 Reykjavík	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	200 Kópavogur	564 5760	tf3ao@amsat.org
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551 2337	
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Eskihlíð 22 A	105 Reykjavík	552 2343	
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Hraunbæ 198	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard M. Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Birgir Baldursson	TF3BB/OZ1LVD	Hasselvænget 12, DK 2680 Solrød Strand, Danmark			bib.solrod@get2net.dk
Bjarki A. Brynjarsson	TF3TT	Móabardi 6	220 Hafnarfjörður	555 0356	
Bjarni H. Alfredsson		Gauksríma 19	800 Selfoss		
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	habm@islandia.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Bragi Reynisson	TF3BRT	Lindarseli 4	109 Reykjavík	557 3430	bragi@itn.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 44	200 Kópavogur	554 1857	eggerts@mmedia.is
Eliás H. Árnason	TF3AEN	Kaplaskjólsv. 58	107 Reykjavík	552 4013	
Erling Guðnason	TF3EE	Álftam. 14, 4hv.	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Hverfisgötu 6	220 Hafnarfjörður	555 4435	
Finnur Tómasson	TF4FT	Höfðastíg 20	415 Bolungarvík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Friðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422 7050	kristjv@simnet.is
Friðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552 6132	tf3fk@vortex.is
Gísli G. Ófeigsson	TF3US	Mávahlíð 21	105 Reykjavík	551 8023	gislio@sigling.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðarsundi 4 kj.	105 Reykjavík	896 2468	gislipj@mmedia.is
Guðjón H. Egilsson	TF3WO	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567 6817	gudjonhe@hotmail.com
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvöllum-Bergi	230 Keflavík	421 5040	tf8gx@its.is
Guðmundur Daði Haraldsson		Foldahrauni 38a	900 Vestmannaeyjar	481 2447	gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðrhvammi 6	220 Hafnarfjörður	565 3336	
Guðmundur Gústafsson	TF3-068	Rauðalæk 34	105 Reykjavík	553 1331	
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565 7354	
Halldór H. Sigurðsson		Nönnugötu 12	101 Reykjavík	552 9391	
Halldór K. Högnason	TF3DKT	Selbrekku 17	200 Kópavogur	564 1936	halldor.hognason@islandssimi.is
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565 3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haraldur Þránínsson	TF3TR	Klyfjaseli 24	109 Reykjavík	892 6296	haraldurth@simi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kamsvegi 7	104 Reykjavík	568 5212	haukur@raf.is
Heimir S. Jónsson	TF3TXT	Sólheimum 25	104 Reykjavík	553 0524	heiri@itn.is
Heimir Þór Sverrisson	TF3ANT	Dalalandi 14	108 Reykjavík	568 0075	
Hermann G. Karlsson	TF3KC	Digranesheiði 27	200 Kópavogur	554 2608	
Hilmar Árnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn	478 1337	
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Hörður V. Vilhjálmsson	TF8FRT	Heiðarbrún 41	810 Hveragerði	483 4794	
Höskuldur Elíasson	TF3RF	Álftamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinsson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	568 5801	ingibj@mmedia.is
Ingólfur Helgi Tryggvason		Jakaseli 16	109 Reykjavík	557 4927	
Íslenskir Radíóamatörar	TF3IRA	Pósthólf 1058	121 Reykjavík		
Ívar Magnússon	TF3IM	Hlíðarvegi 18	200 Kópavogur	554 3442	
Jakob G. Kolbeinsson		P.O. Box 101	235 Keflavíkurlflugv.	564 3319	
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2	N-0563 Oslo, Norge	22678708	helgason@usa.net
Jóhann Friðriksson		Strembugötu 22	900 Vestmannaeyjar	481 1642	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaseli 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann Zoega	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupstaður	477 1154	zoega@ismennt.is
Jóhannes A. Kjartansson		Meðalholti 4	105 Reykjavík		
Jóhannes Birgisson	TF3-007	Álfhólsvegi 129	200 Kópavogur	554 1821	
Jóhannes Rögnvaldsson	TF3DAT	Smárarima 76	112 Reykjavík	567 0743	
Jón Börcur Ákason	TF9JCN	Hverfisgötu 78	105 Reykjavík	552 2813	
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	tf5dz@est.is
Jón G. Bergsson	TF3JX	Engihj. 9 íb.10D	200 Kópavogur	554 3036	
Jón Ingvar Óskarsson	TF1JIT	Gerðhömrum 3	112 Reykjavík	588 8880	
Jón Ívarsson	TF3AVT	Fálkagötu 8	107 Reykjavík	562 1431	
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Hlaðhömrum 36	112 Reykjavík	567 0047	jonth@simnet.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JRT	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565 3614	j.magnus@isholf.is
Jónas Bjarnason	TF3JB	Hvanneyri	311 Borgarnes	437 0024	bjarnason.hagthjonusta@isholf.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Tjarnarbóli 8	170 Seltjarnarnes	561 2527	mrboho@strik.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	275 Mosfellsbær	566 7169	
Karl Sigurðsson	TF3-073	Reykjabraut 6	815 Þorlákshöfn	483 3683	
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Birkivellir 14	800 Selfoss	482 1262	diesel@islandia.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551 9242	tf3kst@islandia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Garðaflöt 7	210 Garðabær	565 9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Daníelsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461 1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551 8972	tf3kb@amsat.org
Kristján Magnússon	TF3KM	Unnarbraut 28	116 Seltjarnarnes	562 2733	
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7266	tf3tf@simnet.is
Lárus H. Ásmundsson		Dalhúsum 73	112 Reykjavík	567 1953	laruse@hotmail.com
Lárus Baldursson	TF3LB	Hamraborg 34	200 Kópavogur	897 5418	urai@vortex.is
Lárus Frans Guðmundsson	TF3LFT	Skipasundi 70	104 Reykjavík	696 3939	larus.gudmundsson@comverse.com
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552 4199	
Loftur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554 6538	loftur@simi.is
Mattías Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	554 5204	matthiah@centrum.is
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566 6829	matti@hi.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Safamýri 34	108 Reykjavík	553 5215	oro@binet.is
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararima 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MXN	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Ólafur B. Ólafsson	TF3MLT	48a rou du vin, L-5447	Schwebsange LUXEMBOURG		island@pt.lu
Ómar S. Jónsson	TF3-057	Pósthólf 1029	121 Reykjavík	562 4527	
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	558 3151	oskar@kpmg.is
Reidar J. Óskarsson		Rafnkeilsstaðavegi 8	250 Garður	422 7213	
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holtagötu 3	730 Reyðarfjörður	474 1182	
Róbert Harry Jónsson	TF3RB	Hoverfisgötu 64	101 Reykjavík	587 9967	tf3rb@simnet.is
Rúnar Þ. Valdimarsson	TF3RJ	Reynimel 64	107 Reykjavík	588 7190	runarth@isholf.is

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Tölvupóstur
Sigurbjartur Ingvar Helgason		Vættaborgum 120	112 Reykjavík	567 5719	
Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	Álfheimum 11	104 Reykjavík	588 3847	stb@rhus.rvk.is
Sigurður E. Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462 6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Langagerði 86	108 Reykjavík	568 4440	
Sigurður R. Jakobsson	TF3CW	Fensölum 2	201 Kópavogur	564 0474	siggii@xo.is
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	
Sigurður Ingólfsson	TF3SX	Áslandi 14	270 Mosfellsbær	566 7326	tf3sx@arrl.net
Sigurgeir Jóhannsson	TF7-001	Túnhvammi 9	220 Hafnarfjörður	555 4537	
Sigurjón F. Jónsson	TF3SC	Otrateigi 38	105 Reykjavík	553 5571	sfj@itn.is
Stefán Arndal	TF3SA	Vesturhólum 15	111 Reykjavík	557 3230	
Stefán E. Sigurðsson	TF3-029	Skipasundi 88	104 Reykjavík	553 7434	
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flókagötu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Drápuhlíð 2	105 Reykjavík	552 7068	steinis@simnet.is
Steinn Jóhannsson	TF3-053	Nönnugötu 16	101 Reykjavík	561 9078	
Svavar I. Hermannsson		Tjarnarbóli 6	170 Seltjarnarnes	561 1555	svavarh@hi.is
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Öldugranda 1	107 Reykjavík	552 8873	radio@li.is
Sverrir Helgason	TF3FM	Brúnalandi 20	108 Reykjavík	553 7596	
Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	116 Seltjarnarnes	561 7517	saemi@simi.is
Tómas Gunnarsson	TF3TG	Fífuseli 39	109 Reykjavík	567 0117	tomass@isholf.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VD	Garðaföt 7	210 Garðabær	565 9096	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjallahlíð 12	270 Mosfellsbær	566 8045	tryggvason@isl.is
Valdimar Einarsson	TF3VR	Pósthólf 12506	132 Reykjavík	567 1953	
Valtýr Einarsson	TF3VG	Seljabraut 24	109 Reykjavík	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	Digranesvegi 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson	TF3DX	Silungakvísl 10	110 Reykjavík	567 4013	tf3dx@mi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbraut 115	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvogi 32	104 Reykjavík	553 6157	
Þorvaldur Bjarnason	TF3TBT	Langholtsv. 180	104 Reykjavík	568 5132	
Þorvaldur Stefánsson	TF1MM	Skúlagötu 32	101 Reykjavík		tf1mm@arrl.net
Þorvaldur Sveinbjörnsson	TF3TS	Glaðheimum 6	104 Reykjavík		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestmannaeyjar	481 1045	
Þór Þórisson	TF3GW	Rósar. 5 íb.0203	112 Reykjavík	587 2528	tf3gw@amsat.org
Þórarinn Ágústsson	TF5TAT	Pósthólf 55	602 Akureyri	462 5361	thorarinn@nett.is
Þórarinn Benedikz	TF3TZ	Álfalandi 11	108 Reykjavík	567 9396	
Þórður Ívarsson	TF3PXT	Norðurgötu 30	600 Akureyri	462 7997	toti@est.is
Þórir J. Mustico	TF3EZT	Eyjabakka 15	109 Reykjavík	866 2535	thorirjm@simnet.is
Ægir Bessason	TF3CB	Þrúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Örn Sæmundsson	TF6ZZ	Helgalandi 1	270 Mosfellsbær	566 7758	
Örnólfur Hall	TF3AH	Espigerði 2	108 Reykjavík	568 1619	

September, 2001

All Asian DX Contest, SSB
IARU Region 1 Field Day, SSB
MI QRP Labor Day CW Sprint
WAE DX Contest, SSB
SLP Competition (SWL)
ARRL Sep. VHF QSO Party
North American Sprint, CW
ARCI End of Summer PSK31
YLRL Howdy Days
AGB NEMIGA Contest
Air Force Anniv. QSO Party
ARRL 10 GHz Cumulative Cont

SAC Contest, CW
Washington State Salmon Run

QCWA QSO Party
North American Sprint, SSB
Tennessee QSO Party
SLP Competition (SWL)
SAC Contest, SSB
CQ/RJ WW DX Contest, RTTY
Louisiana QSO Party
ARCI Fall QSO Party
Texas QSO Party

October, 2001

Oceania DX Contest, Phone
EU Autumn Sprint, SSB
California QSO Party
7RSGB 21/28 MHz Cont, SSB
CQ TF september 2001

0000Z, Sep 1 to 2400Z, Sep 2
1300Z, Sep 1 to 1300Z, Sep 2
2300Z, Sep 3 to 0300Z, Sep 4
0000Z, Sep 8 to 2359Z, Sep 9
0000Z, Sep 8 to 2400Z, Sep 9
1800Z, Sep 8 to 0300Z, Sep 10
0000Z-0400Z, Sep 9
2000Z-2400Z, Sep 9
1400Z, Sep 14 to 0200Z, Sep 16
2100Z-2300Z, Sep 14
0001Z, Sep 15 to 2359Z, Sep 16
0800-2000 local, Sep 15 and
0800-2000 local, Sep 16
1200Z, Sep 15 to 1200Z, Sep 16
1600Z, Sep 15 to 0700Z, Sep 16
and 1600Z-2400Z, Sep 16
1800Z, Sep 15 to 1800Z, Sep 16
0000Z-0400Z, Sep 16
1800Z, Sep 16 to 0100Z, Sep 17
0000Z, Sep 22 to 2400Z, Sep 23
1200Z, Sep 22 to 1200Z, Sep 23
0000Z, Sep 29 to 2400Z, Sep 30
0000Z-2400Z, Sep 29
1200Z, Sep 29 to 2400Z, Sep 30
1400Z, Sep 29 to 0200Z, Sep 30
and 1400Z-2000Z, Sep 30

1000Z, Oct 6 to 1000Z, Oct 7
1500Z-1859Z, Oct 6
1600Z, Oct 6 to 2200Z, Oct
0700Z-1900Z, Oct 7

10-10 Day Sprint

YLRL Anniversary Party, CW
Oceania DX Contest, CW
EU Autumn Sprint, CW
Pennsylvania QSO Party

FISTS Fall Sprint
North American Sprint, RTTY
JARTS WW RTTY Contest
Worked All Germany Contest
Asia-Pacific Sprint, CW
RSGB 21/28 MHz Contest, CW
Illinois QSO Party
YLRL Anniversary Party, SSB
CQ Worldwide DX Cont, SSB
10-10 Int. Fall Contest, CW
November, 2001

IPA Contest, CW Nov 3
Ukrainian DX Contest
ARRL Sweepstakes Cont Nov 5
ARCI Running of QRP Bulls
IPA Contest, SSB Nov 4
High Speed C1 CW Cont Nov 4
Japan Int. DX Contest, Phone
WAE DX Contest, RITY
OK/OM DX Contest, CW
LZ DX Contest, CW
IARU Reg 1 160m Cont, CW
Carnavales de Tenerife Cont
ARRL Sweepstakes Cont, SSB
RSGB 1.8 MHz Contest, CW
CQ Worldwide DX Cont CW

0001Z-2400Z, Oct 10
1400Z, Oct 10 to 0200Z, Oct 12
1000Z, Oct 13 to 1000Z, Oct 14
1500Z-1859Z, Oct 13
1600Z, Oct 13 to 0500Z, Oct 14
and 1300Z-2200Z, Oct 14
1700Z-2100Z, Oct 13
0000Z-0400Z, Oct 14
0000Z, Oct 20 to 2400Z, Oct 21
and 1300Z-2200Z, Oct 21
0000Z-0200Z, Oct 21
0700Z-1900Z, Oct 21
1800Z, Oct 21 to 0200Z, Oct 22
1400Z, Oct 24 to 0200Z, Oct 26
0000Z, Oct 27 to 2400Z, Oct 28
0001Z, Oct 27 to 2400Z, Oct 28

0600Z-1000Z & 1400Z-1800Z
1200Z, Nov 3 to 1200Z, Nov 4
CW 2100Z, Nov 3 to 0300Z,
2100Z, Nov 3 to 0300Z, Nov 5
0600Z-1000Z & 1400Z-1800Z
0900Z-1100Z & 1500Z-1700Z
2300Z, Nov 9 to 2300Z, Nov 11
0000Z, Nov 10 to 2359Z, Nov 11
1200Z, Nov 10 to 1200Z, Nov 11
1200Z, Nov 17 to 1200Z, Nov 18
1400Z, Nov 17 to 0800Z, Nov 18
1600Z, Nov 17 to 1600Z, Nov 18
2100Z, Nov 17 to 0300Z, Nov 19
2100Z, Nov 17 to 0100Z, Nov 18
0000Z, Nov 24 to 2400Z, Nov 25

Tölvur og fjarskipti

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Á undanförunum örfáum árum hafa orðið gríðarlegar framfarir í samskiptum amatöra þar sem tölva er notuð til að móta stöðina. Bæði er það að gamlar aðferðir sem virtust vera að detta út hafa styrkst þegar möguleikar

opnuðust til að nota tölvu (t.d. RTTY og Hell) og svo hafa nýjar bæst við. Það hefur tíðkast að kalla allar þessar nýju aðferðir “digital” mótanir eða aðferðir, sumpart fyrir misskilning en kannski líka til hægðarauka til að gefa til kynna að það sé tölva í spilinu. En það er náttúrlega ekki nóg að nota tölvu til að mótnaraðferð verði stafræn (eða digital). Það hefur líka örlað á þeim misskilningi að allt sem byggir á tvenns konar ástandi, s.s. tóni og þögn, eða háum og lágum tóni hljóti að vera stafrænt, en það er auðvitað líka misskilningur og þegar betur er að gáð sjá menn að auðvitað er mors ekki digital, né heldur RTTY, meðferð merkisins verður að vera á stafrænum eða *talnalegum* grunni.

En þetta er kannski aukaatriði hér og skiptir minnstu, aðalatriðið er að hafa samskipti á sem fjölbreytilegastan hátt og við sem flesta amatöra, hi.

Hér að neðan ætla ég að taka saman stutt yfirlit yfir það helsta sem notað er, eða amk. það sem í boði er og er þetta reytt saman héðan og þaðan, úr bókum en þó mest af netinu.

RTTY

RTTY (**R**adio **T**eletype) er samskiptaháttur þar sem vélbúnaður er notaður bæði til sendingar og móttöku og er notast við sk. Baudot kóta (sjá nánar hér að aftan).

Amatörar tóku þessa tækni í notkun á 5. og 6. áratugi síðustu aldar þegar nokkurt framboð varð af umframtækjum frá herveldunum. Tækin voru stór og fyrirferðarmikil, innskriftarborð til að slá inn textann og svo prenteining með pappírurllu í móttökuhlutanum. Ég hygg að ÍRA hafi eignast eitt slíkt tæki snemma á 8. áratuginum og er kannski enn til einhversstaðar í geymslu. Með tölvuöldinni tekur svo við liprara innskriftarborð og jafnframt skjár til að birta móttökuna, en með aukinni tölvu-notkun færast rittíð svo alveg inn í tölvuheiminn, fyrst með sérstökum móttöldum (Kam, Hamtronics og fl.) en eftir því sem tölvubúnaður verður öflugri verður æ algengara að nota bara hljóðkort til að sjá um yfirlærsluna.

RTTY sending er svokölluð FSK

(Frequency Shift Keying) þar sem skiptist á svokallað mark og bil í sendingu. Þetta eru í raun tveir tónar. Bil-tónninn er lægri og svo þegar mark biti er sendur er skipt í hærri tón, og síðan til baka í bil-tóninn. Venjulegt bil á milli tónanna hjá amatörum er 170Hz, en önnur kerfi nota önnur bil, t.d. 425 Hz og 850Hz. Í mörgum tilvikum er þó notað svokallað AFSK (**A**udio **F**requency **S**hift **K**eying), en þá er tónninn sendur um hljóð(nema)-inntak stöðvarinnar sem misháir tónar. Niðurstaðan er þó ein og hin sama, móttökustöðin skynjar boðin á sama hátt hvor aðferðin sem notuð er. Þessi gerð mótnunar er auðþekkt á hljóðinu þótt ekki sé hægt að “lesa” hana með því einu að hlusta.

Nokkuð mikilvægt er að móttökustöð sé stillt sem best inn á rétta tíðni ef villur eiga ekki að vera of miklar og er (öllu heldur var) algengt að senda runu af R og Y til skiptis á undan sendingu til að auðvelda stillingu. RYRYRYRY er valið vegna þess að það sendir stöðugasta og nær samhverfa sendingu af bil- og mark-bitum og verður því auðveldast fyrir móttakandann að stilla inn áður en hin eiginlegu skilaboð eru send. En jafnvel þótt stöðin sé hárrétt stillt inn er það ekki trygging fyrir því að lesturinn verði réttur, RTTY er langt frá því að vera villufrí sending og getur margt í skilyrðunum valdið því að sending verður tor- ill- eða jafnvel ólæsileg. Ný stafræn meðhöndlun (DSP) sem nýtir hljóðkort (t.d. MMTTY) til að lesa RTTY nær þó oftast miklu betri árangri en gömlu hliðrænu tækin.

Baudot kótinn sem notaður er í RTTY er 5 bita, en það þýðir að hámarksfjöldi tákna er ekki nema 32. Með öðrum orðum þegar stafur er sendur er aðeins um 32 mismunandi möguleika að velja, en eins og allir sjá er það ekki nægilegt til að rúma bókstafina sem þarf að nota, stýritáknin (eins og t.d. boð um nýja línu) auk tölustafanna.

Lausnin er bæði einföld og flókin. Tölustafirnir eru teknir úr annarri stafatöflu, ekki ósvipað og þegar ýtt er á SHIFT á lyklaborði eða ritvél. Eitt táknanna 32 er einmitt merki um að nú skuli skipt í tölustafi og greinamerki, og svo er tákn sem merkir að snúið skuli til baka í bókstafatöflunna. Á þennan hátt er hægt að fá um 60 tákn (ekki alveg 64 því það er svolítill skörun í töflunum, t.d. orðabil í báðum, línuskiptiskipun og fl.) Þessi táknafátækt veldur svo því að ekki er rúm fyrir bæði lítinn og stóran bókstaf (26 stafir x 2, + tölustafir og greinamerki + stýritákn er þó nokkuð meira en 64) þannig að í RTTY sendingu eru bara notaðir upphafsstafir.

Í venjulegri notkun þarf ekki að velta því fyrir sér úr hvorri töflunni verið er að senda, tækin sjá um það sjálf að senda viðeigandi skipun á undan, en í tölvu-móttökuforritunum eru skipana-hnappar til að breyta um ham, þannig að ef tóm rugl rennur yfir skjáinn er ráð að smella á þá og gefa forritinu skipun um úr hvaða töflu skuli ritað.

Það væri hægt að nota svokallaðan ASCII kóta, sem rúmar 128 tákn og nota þá bæði litla stafi og stóra. Allar tölvur í dag nota svokallað aukið ASCII stafasett sem rúmar 256 tákn, sem einnig mætti nota. Það myndi þó bæði hægja á sendingunni og einnig er að hefðin er sterk og það er ófrávíkjanlegt að RTTY sendingar nota gamla Baudot kótann, hvort sem er á milli amatöra eða í viðskiptalegum sendingum.

Margir spáðu RTTY-inu endalokum þegar ýmsar nýjar aðferðir litu dagsins ljós, en með almennri tölvuvæðingu, skemmtilegum forritum í einkatölvum og nýtingu hljóðkorta virðist RTTY hafa gengið í endurnýjun lífdaga og er verulega algengt á böndunum í dag þrátt fyrir alla annmarka og galla.

Amtor

Amtor er eiginlega endurbætt gerð af RTTY. Nafnið er leitt af skammstöfuninni **AMateur Teleprinting Over Radio** og er þróað út frá sk. **SITOR** (*Simplex Telex Over Radio*) kerfi sem varð til á 8. áratugnum en það var einmitt Peter Martinez, G3PLX, sem aðlagði Sitor kerfið á 9. áratuginum fyrir amatöra. Reyndar vill hann ekki gera mikið úr þeirri aðlögun sjálfur og í nýlegum tölvupósti lét hann þess getið að hann hefði trúlega fyrstur reynt þessa aðferð í amatörradíói og nafnið sé frá honum komið en aðferðin hafi þegar verið til staðar.

Aðalendurbótin er að einföld leiðréttingar-tækni er innbyggð í kerfið og er það því mikið öruggara en RTTY, sérstaklega við slæm skilyrði á HF böndunum, en sending er ekki óyggjandi villulaus og því ekki nothæf til að koma gögnum á borð við nákvæmar upplýsingar eða forrit á milli stöðva.

Tveir hættir eru notaðir í Amtor, **ARQ** og **FEC**

Í **ARQ** (**A**utomatic **R**epeat **Q**uery) hætti, sem stundum er kallaður háttur **A** er sendingunni skipt niður í 3 stafa sneiðar. Hver stafur er 5 bitar, eins og í RTTY, en þar að auki eru 2 stýribitar með hverjum staf og þar að auki er því þannig fyrir komið að hver stafur er 4 markbitar og 3 bil. Ef eitthvað annað berst veit móttökustöðin að villa er í sendingunni.

Móttökustöðin sendir kvittun fyrir hverjum 3 stafa hópi sem berst og ef hann er eðlilega uppbyggður er sent **ACK** (**A**CKnowledge) merki

annars er sent **NAK** (**N**egative **A**cKnowledge) merki, og þá sendir sendistöðin stafina 3 aftur. Þeir sem hafa Amtor forrit hafa reyndar einnig að öllum líkindum svokallaðan hlustaraham sem er til þess að fylgjast með sendingum án þess að taka þátt í þeim, en þá sendir stöðin náttúrulega ekki boð þótt villa greinist í móttöku.

Í **FEC** hætti (**F**orward **E**rror **C**orrecting) sem stundum er kallaður háttur **B** sendir sendistöðin hvern staf tvisvar. Þetta er gert til þess að margar stöðvar geti tekið samtímis á móti sendingu og þá gefa móttökustöðvarnar ekki til kynna hvort boðin bárust villulaust. Móttakan fer svo þannig fram að ef sami stafurinn kemur tvisvar er hann prentaður, en annars er prentað villutákn. Hljóðið í þessari sendingu er að heyra líkari venjulegri RTTY-sendingu en A-hátturinn. Til þess að samhæfa móttökustöðvarnar sendistöðinni hefst hver sending á nokkrum “fösunarpörum” og eru þau svo send með reglulegu millibili, jafnvel þótt ekki sé verið að senda nein önnur gögn. FEC hátturinn er öllu áreiðanlegri en venjulegt RTTY, en þó ekki eins áreiðanlegur og ARQ.

Amtor ber mark sitt af tækni 7. áratugarins, s.s. takmörkuðu stafasetti og 100 bás hámarks-sendihraða, sem miðaðist við vélbúnað fjarritanna. Þótt villuleiðréttingarnar væru mikil bót frá venjulegu RTTY eru þær samt ekki alveg áreiðanlegar. Það er nær að tala um að **AMTOR** hafi villufækkun fremur en villuleiðréttingu.

Packtor (I)

Með tölvuvæðingunni breyttust allir möguleikar til samskipta frá tæki til tækis. Eins og áður er getið kom Amtor aðferðin fram með villufækkun en það nægði engan veginn og þróunin hélt áfram. Tölvuöld var gengin í garð og þá var komið að villulausri sendiaðferð og komu menn þá fram með það sem fékk heitið Packtor (stundum nú kallað Packtor I, vegna þess að seinna kom fram Packtor II).

Packtor aðferðin hefur alla kostina sem Amtor hefur, t.d. notar gagnasneiðar sem kvittað er fyrir, og litla bandbreidd, undir 600Hz. En munurinn er samt mikill. Stafasettið er orðið fullt ASCII þannig að hægt er að senda hverskyns gögn í raun, gagnahjöppun er nýtt (Huffman algrím), hraðinn er miklu meiri (allt að 4-faldur miðað við Amtor) og öryggið ólíkt betra, má segja að sendingin sé villulaus því pakkar eru endursendir þar til þeir hafa borist óskemmdir.

Sendihraðinn er misjafn og fer það eftir ástandi og skilyrðum. Hver gagnasneið tekur 1.25 sekúndur í sendingu og er samsett af inngangi, gögnum, stýritáknum og tékksummu. Ef skilyrði leyfa er sendihraðinn 200 bás, annars 100.

Sérstök Pactor tæki (tölvuspjöld eða

utanálíggjandi tæki) hafa verið smíðuð og hafa þau venjulega einnig möguleika á að senda og taka á móti bæði RTTY og Amtor af samhæfingarástæðum.

Packtor II

Enn heldur þróunin áfram. Með öflugri og ódýrari örtölvum var Packtor móttunin endurbætt og fram kom aðferð sem kallast Packtor II. Við þá þróun var haft í huga að aðferðin yrði ekki bara hraðvirkari en áður þekktist heldur einnig að áreiðanleikinn í sendingu/móttöku yxi samhliða og jafnframt að fullkomin villuleiðrétting væri til staðar. Tækin sem nýta hana eru jafnframt ævinlega samhæfð við gamla Packtor og hefjast öll samskipti á því að stöðvarnar kanna (sjálfvirkt) með FSK móttun hvort báðar ráða við Packtor II, ef svo reynist er skipt yfir, annars halda samskiptin áfram í venjulegum Packtor. Packtor II er ekki nema að hluta til FSK móttun, þegar hin raunverulegu samskipti fara fram er skipt í mikið flóknari fasamóttunaraðferð sem ekki verður lýst hér.

Gagnasneiðarnar eru byggðar upp á svipaðan hátt og í eldri móttuninni, oftast er sneiðin 1,25 sek að lengd og er byggð upp úr grunn-einingunum fjórum, inngangi, gögnum, stýritákni og tékksummu. Hámarksvegalengd á þennan hátt sem hægt er að halda uppi fjarskiptum er um 20.000 km, en svo er hægt að skipta yfir í “long-path mode” og eykst þá sneiðartíminn í um 1,4 sek og hámarks-fjarlægðin verður 40.000 km.

Bandbreiddin sem notuð er, er undir 500 Hz (það var talið skipta máli að halda sig við 500Hz hámark vegna þeirra fjölmörgu stöðva sem hafa 500Hz síur innbyggðar, svo nýta mætti þær). Hámarkssendihraðinn er 800 bás, en þegar tekið er tillit til sjálfvirkrar innbyggðrar gagnþjöppunar í sendingu má segja að hraðinn sé yfir 1200 bás. Þetta er því hraðvirkasti samskiptamáti sem þekktist á stuttbylgju enn, og ekki nóg með það heldur jafnframt sá öruggasti. Það er víst óhætt að fullyrða að hægt sé að koma texta og gögnum á milli með Packtor II þótt engin önnur móttun gefi kost á sambandi. Einn stór ókostur er þó við móttunina, hún er bundin einkaleyfi og því kosta tæki sem nýta hana verulega meira en önnur (lakari) því greiða verður leyfisgjald til að geta sent á þennan hátt.

Framhald síðar, og verður þá fjallað lauslega um t.d. Gtor, Clover, Hell, MFSK16, MT63, Packet, PSK31, Throb og etv. einhverja fleiri.

73 de TF3VS

PSK31 fjarskipti

Vilhjálmur Sigurjónsson TF3VS



Nokkrir punktar til að gæta að við PSK31 fjarskipti.

1. Ekki senda eintóma upphafsstafi, það tekur miklu lengri tíma en lágstafirnir og getur munað miklu.
2. Ekki drekkja viðmælandanum í upplýsingum sem eru ekki áhugaverðar. Það nota ALLIR hljóðkort til að hafa PSK31 samband og þarf ekki að taka það fram. Hvernig tölvan er, MHz, pláss á hörðum diskum og þess háttar er ekki áhugavert fyrir sambandið, gagnstætt því t.d. hvernig loftnet er notað og við hvaða aðstæður.
3. Hikið ekki við að nota algengar amatöra skammstafanir. Setningar á borð við “tu dr om fer fb qso” eru góðar og gildar og allir skilja þær og svo taka þær margfalt styttri tíma í sendingu en málæðið sem sumir nota til að koma sömu skilaboðum á framfæri. Athugið að sú hefð hefur skapast að mors-skammstafanir eru notaðar í PSK31, en ekki RTTY til að gefa til kynna að sending sé að hefjast eða henni að ljúka. RYRYRYRY sést sjaldan á PSK31 og ég hef aldrei séð menn enda samband með NNNNN heldur nota menn AR, KN og SK.
4. Það er rétt að reyna að átta sig á því hvers konar QSO viðmælandinn vill þegar maður svarar CQ. Það er ókurteisi að hefja spjall um daginn og veginn við sjaldgæfan DX sem vill vera í “Pileup” og gefa lágmarksupplýsingar til að ná sem flestum (eða öllu heldur að leyfa sem flestum að ná sér). Amk. finnst mér stundum pirrandi að fá upplýsingar “um að menn hafi nú bara skroppið í stöðina til að eyða smá tíma á meðan fjölskyldan er að koma með barnabörnin í hið vikulega spaghetti.... osfrv. osfrv.” á meðan margir bíða eftir að kalla á eina TF-inn sem þeir hafa heyrt á ævinni.
5. Sparið aflið, PSK31 er móttun sem þarf ekki mikið afl, ef merkið sést vel á skjá er engin ástæða til að vaggja S-mælinum á stöð móttakandans að óþörfu. Mikið afl getur meira að segja gert móttöku verri. Það er afar sjaldgæft að nokkuð náist í bættum lestri sem sent er yfir 50W, þannig að 50W ætti í raun að vera hámark sem menn reyna. Ég hef haft samband við stöð sem var að gera tilraunir með afl/móttöku og hann sendi á mig allt frá 10W og upp í 2KW og munurinn var nánast enginn. Það er ekki tilviljun að þetta er QRP óskamóttun!
6. Vandíð stillingar og forðist yfirmóttun. Þetta er grundvallaratriði til að vera læsilegur og kurteis

Framhald á bls. 14
CQ TF september 2001

IARU Region 2 HF Bandplan

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS

Region 1 Afríka, Evrópa, fyrrum Sovét lýðveldin, Miðausturlönd (að frátöldu Íran) og Mongolía.

Region 2 Norður og Suður Ameríka þar með talið Hawaii, Johnston og Midway eyjar.

Region 3 Það sem eftir er af Asíu og Oceaníu.

1800 - 1830 CW, Digimode
1830 - 1840 CW, Digimode (DX CW window)
1840 - 1850 Phone (DX Phone window) - CW
1850 - 2000 Phone - CW

3500 - 3510 CW (DX CW window)
3510- 3525 CW
3525 - 3580 CW, (Phone permitted, non interference basis)
3580 - 3620 Digimode, (Phone permitted, non interference basis), CW
3620 - 3635 Packet Priority, (Phone permitted, non interference basis), CW
3635 - 3775 Phone, CW
3775 - 3800 Phone (DX Phone window), CW
3800 - 3840 Phone, CW
3840 - 3850 SSTV, FAX, Phone, CW
3850 - 4000 Phone, CW

7000 - 7035 CW
7035 - 7040 Digimode with other Regions, CW
7040 - 7050 Packet with other Regions, CW
7050 - 7100 Phone, CW
7100 - 7120 Digimode, Phone, CW
7120 - 7165 Phone, CW
7165 - 7175 SSTV, FAX, Phone, CW
7175 - 7300 Phone, CW

10100 10130 CW
10130 10140 Digimode, CW
10140 10150 Packet Priority, CW

14000 - 14070 CW
14070 - 14095 Digimode, CW
14095 - 14099,5 Packet, Digimode, CW
14099,5 - 14100,5 IBP/NCDXF
14100,5 - 14112 Packet, Phone, CW
14112 - 14225 Phone, CW
14225 - 14235 SSTV, FAX, Phone, CW

14235 - 14350 Phone, CW

18068 - 18100 CW
18100 - 18105 Digimode, CW
18105 - 18109,5 Packet Priority, CW
18109,5 - 18110,5 IBP/NCDXF
18110,5 - 18168 Phone, CW

21000 21070 CW
21070 21090 Digimode, CW
21090 21125 Packet Priority, CW
21125 21149,5 CW
21149,5 21150,5 IBP/NCDXF
21150,5 21335 Phone, CW
21335 21345 SSTV, FAX, Phone
21345 21450 Phone, CW

24890 24920 CW
24920 24925 Digimode, CW
24925 24929,5 Packet Priority, CW
24929,5 24930,5 IBP/NCDXF
24930,5 24990 Phone, CW

28000 - 28070 CW
28070 - 28120 Digimode, CW
28120 - 28189,5 Packet priority, CW
28189,5 - 28190,5 World Wide Beacon Network #2
28190,5 - 28199,5 Intra-regional Beacon Network
28199,5 - 28200,5 IBP/NCDXF
28200,5 - 28225 Beacons, CW
28225 - 28670 Phone, CW
28670 - 28690 SSTV, FAX, Phone, CW
28690 - 29300 Phone, CW
29300 - 29510 Satellites
29510 - 29700 FM Phone and Repeaters

Í næsta blaði verður síðan IARU Region 3 HF Bandplan og þar á eftir Region 3

Ritstj.

Athugasemdir

1. CW er leyft á öllum tímum en þó eingöngu þar sem það er sýnt.
2. Með DIGIMODE er átt við digital mótanir eins og RTTY, AMTOR og PACKET einnig PACTOR og CLOVER.
3. NB (narrow band) felur í sér allar digital mótanir.
4. RTTY felur í sér allar digital mótanir.
5. Sumar tíðnir gætu verið bannaðar í ákveðnum löndum eða gætu verið samnýttar þar sem amatörar gætu verið annarsflokks notendur

QRPTTF Framhald.

Þegar búið var að jafna sig nóg til að geta staðið upp var kvatt með miklum virktum og haldið heim á leið og beint inn í svartasta rigningsarký sem ég man eftir, leiftruðu eldingar og þrumur skóku bílinn af krafti. Árangurinn af öllu þessu umstangi var nokkuð góður ef marka má umræðuna sem fylgdi á netinu (QRP-L) og voru margar stöðvar sem náðu færri samböndum en við.

Allir snéru þeir aftur og enginn þeirra dó eins og segir í kvæðinu ásamt nokkrum aukakílóum og sólbrenndum andlitum eftir samveru góðra féлага heilan dag.

Er það ekki þetta sem Amatör Radíó snýst allt um?

72 de Níels J. Kristjánsson
QRP Vi Minore. Plus Gaudium.

PSK31 Fjarskipti frh.

gagnvart þeim sem eru við hliðina á manni á bandinu. Notið aldrei ódeyfðan kapal úr hljóðkortu og inn á stöð, ef hljóðnematengi er notað þarf deyfingin að vera upb. 40Db en öllu minni ef sérinngangar (t.d. sk. "phone patch") eru notaðir. Og fyrir alla muni, fylgist vel með ALC mælinum, ef hann fer að hreyfast er yfirmótun að myndast og þar með minni læsileiki á merkinu.

73, de TF3VS

Vitahelgin 2001 frh.

Þriðju helgi ágúst mánaðar á næsta ári.

Og hvað lærðist á þessu öllu saman. Jú, það þarf ekki flókin loftnet til að ná viðunandi árangri, og ekki þarf að hafa með sér stórar og fyrirferðarmiklar stöðvar, heldur nægja þessar litlu, en ekki skemmir að hafa aðeins auka afl.

Takk fyrir lesturinn, 73 de TF3AO

(Myndir frá Vitahelginni eru á baksíðu)

Munið Félagsgjöldin Gjaldkeri

SAC 1999

Guðlaugur K. Jónsson TF8GX



Frá því að ég byrjaði á HF, hef ég alltaf haft mikinn áhuga á Contestum, og langar að segja frá reynslunni af Skandinavian Activity Contest sem ég tók þátt í 1999.

Klukkan að verða 12:00! Er allt OK ? Var búinn að yfirfara allt 20 sinnum.

FT-767GX og TH6DXX, vírar á 40 og 80m í lagi.

15m virtust bestir, tjúnað! Kl. 12:00 ! bímið í 30°!

JA, VK, DS, HL og UA0 eingöngu til að byrja með fyrsta klukkutímamann. Síðan gerðist EU ágengir og Asía fjaraði út, Bími snúid í austur og kl. 14:00 komnir 173 í logginn. Kl. 15:00 var orðið lítið um "multa" (margfaldara) svo að ég skipti yfir á 20m, en bara EU stöðvar þar, aftur yfir á 15m kl: 15:40, og bímað í suður. HK, LZ, 5R náðust en full lítið af þeim. Bímað í NA og skipt á 20m, fljótlega kallaði í mig BY1DX! (fyrsta Kína sambandið mitt!) síðan var Asía ágætlega inni til kl. 17:00, þá snúid í SA og mest EU stöðvar, en ZS1 kom 18:13. Kvöldmatur var tekinn milli 19:37 til 19:57, þá bímað N og náðist fyrsti ZL en frekar dauft frá Asíu svo að snúid var á Afríku. Þetta var betra! 9J2, ZD7, CX og ZP runnu inn, en kl:20:43 skipt yfir á 40m (meiri "multa"!) 745 komnir í logginn og nú var aftur gaman, allt "multar" fyrsta hálf tímamann, ágæt skilyrði. VE og YV5/OH0XX (Finni í YV landi ! BY1DX er líka Finni, sama hvar þeir eru alltaf hægt að "FINNA" þá!). Kl. 22:15 kom fyrsti USA, og síðan eingöngu næstu 45 mínúturnar USA! Um kl:23:00 skipt á 80m, aðeins 10 sambönd náðust með herkjum (100w innanum öll kílóvöttin heyrðust illa , hi) Aftur á 40m, 9K2 kom en lítið annað. Á miðnætti var sett á 20m og bímað í SW, TL, OA, og S & N Ameríka glimrandi! J73 kom 00:51 og 1000 qso í logginn, inn slæddust 6Y, og einstaka JA, VK's long path. Það var farið að blæða úr tungunni á mér, orsökina var nudd við tennurnar, skriftið, hi! Sótthreinsað með Koníaki, fór að sofa kl:02:25. Vaknað 05:30, skellt í sig skyri með rjóma, og aftur byrjað 05:55 á 20m. Aðalega EU til 07:40, þá skipt á 15m, 9H, T9, síðan bímað í 30dg, Asía aftur á fullu og 10:48 kom BY1DX aftur og sagði mér að 10m væru ágætir, og bað mig að reyna, en ekkert heyrðist frá honum þar. ég hélt áfram á 15m þar til 11:25, þá skipti ég á 10m, eingöngu EU stöðvar, en þó "multar"! Preyttur með blóð bragð í munni var sá síðasti loggaður kl. 11:58 og 1542 qso komin í logginn. Ekki þótti mér ég hafa gert mjög vel, tók margar pásur og var að í 18,5 tíma af 24, mér tókst þó að komast á verðlauna pall, og það með ekki minni manni en OH2BH, Martti Laine sem við þekkjum allir. Hann vann yfir Skandinavíu HP, en ég LP.

73 de TF8GX

CQ TF september 2001

Úr ýmsum áttum

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

Internetslóðir

Leitarvél.

<http://www.google.com>

TF í 233 sæti.

<http://www.arrl.org/awards/dxcc/countries.html>

SSTV.

<http://www.qsl.net/g4zer/>

QSL.NET

<http://www.qsl.net>

IOTA.

<http://www.rsgbiota.org>

Alþjóðageimstöðin.

<http://ariss.gsfc.nasa.gov>

Mest eftirsóttustu lönd 2001 á 144 MHz

Ísland er í 14. sæti á þessum lista.

Heimild Amatör Radio

PC hljóðkort sem VLF móttakari

Á vefsíðunni:

http://www.qsl.net/dl4yhf/vlf_rcvr.html

er að finna ýmsar upplýsingar um þetta

Heimild RadCom

Creative Sience Center

<http://www.creative-science.org.uk>

Heimild RadCom

British Amateur Television Club

<http://www.batc.org.uk/index.htm>

Heimild RadCom

RF Applications, Inc.

<http://www.rfapps.com>

Heimild RadCom

Hljóðkort/SSTV

Makoto Mori, JE3HHT hefur sent frá sér útgáfu 1.01 af MMSSTV. Þessi SSTV hugbúnaður notar hljóðkortið í tölvunni fyrir SSTV og það sem þarf er PC Talva, Windows 95/98/ME/2000/NT og 16 bita hljóðkort. Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.geocities.com/mmhamsoft/mmsstv/index.htm>

Heimild QST

Viðgerðir á plastgluggum

í sendiviðtækum og öðrum tækjum.

Flest okkar hafa keypt eða átt tæki sem með tímanum fengið leiðinlegar rispur á plastgluggana sem á þeim eru. Micro-Surface Finishing Products fyrirtækið sem er í Wilton í Iowa í Bandaríkunum hefur sett á markað ágætis efni til viðgerða á þessum gluggum. Þetta eru slípvörur og fægilögur. Nánari upplýsingar er að fá á vefsíðu þeirra sem er <http://www.micro-surface.com>

Heimild QTC

WAS með Tuna-Tin 2

Steve McDonald, VE7SL, hefur unnið öll ríki Bandaríkjanna á 40m með þessum heimasíðaða QRP sendi.

Heimild World Radio

Millitæki milli hljóðkorts og sendiviðtækis.

Bæði MFJ og Rigblaster hafa verið að auglýsa þessi millitæki nýlega.

Þetta er orðin vinsæl aðferð við að sameina tölvunotkun og fjarskipti af ýmsu tagi. Ég minni á grein eftir Vilhjálm Sigurjónsson TF3VS annarsstaðar í blaðinu en þar byrjar hann að fara lauslega yfir þessa möguleika.

Heimild QST.



Vitahelgin 2001



CQ TF kemur næst út í byrjun desember 2001.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

**NETT EHF
ALHLIÐA TÖLVU OG
INTERNETÞJÓNUSTA
FURUVÖLLUM 13
600 AKUREYRI**